

ari kvittun samkvæmt því, sem fyrir er sagt í auglýsing fjárhagsstjórnarinnar 22. septbrn. 1859, 18. gr.<sup>1</sup> Þessu til sönnunar skal landfógeti senda fjárhagsstjórninni hin innleystu bráðabirgðaskýrteini, og rita þau öll í bók, sem sýnir, hvenær þau sè út gefin og handa hverjum, hvenær landfógeti hafi sent frá sèr skuldabréfin og fengið þau aptur, og ennfremur, hvenær bráðabirgðaskýrteinin sè innleyst og send stjórnarráðinu. Þess skal getið, að hver einn verður sjálfur að sjá um, að koma skuldabréfum sínum til landfógeta og sækja þau aptur hjá honum.

Um leið og þetta hërmeð gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið landfógeta það, mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður, auglýsið það, sem með þarf, í frétta-blöðum, og gjörði þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, og veitum vèr yður myndugleika til að bæta við þeim ákvörðunum, sem yður finnst ástæða til.

Að endingu skal því við bætt, þeim til leiðbeiningar, sem vilja ekki nota þessar ráðstafanir, að arkir með nýjum rentuklippingum fást á ríkisskulda-skrifstofunni í Kaupmannahöfn allt sumarið 1871, gegn því, að skuldabréfin verði fram lögð til stimplunar.

1870.

18. ágúst.

**82. Auglýsing til Íslands, víðvikjandi því, að tilskipun 4. maim. 1803 um það, hvernig verzlunarmenn og farmenn eigi að haga sèr, þegar ófriður er milli útlendra sjóvelda, skuli á ný hafa lagagildi.**

19. ágúst.

Samkvæmt heimild þeirri, er Hans Hátign Konungurinn hefir gefið stjórn utanríkismálanna í dag, auglýsist hërmeð, að vegna ófriðar þess, sem kominn er upp milli Frakklands og Prússaveldis, skal tilskipun 4. maí 1803 fá lagagildi á ný, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum og breytingum, sem hér segir:

## 1. gr.

Samkvæmt tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa, dagsettri 25. júní 1869, skulu hin konunglegu latínsku leiðarbréf, sem

<sup>1</sup>) *Departementstidenden* 1859, bls. 659—61.



1870.  
19. ágúst.

voru lögboðin í tilskipun 4. maí 1803, ei lengur við höfð fyrir skip þau, sem þegar hafa fengið ný þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, og heldur ekki fyrir þau skip, sem enn hafa hin eldri lögboðnu skjöl, og skal mælingarbréfið, ásamt hinum öðrum heimildarskýrteinum, álitid lögmæt sönnun fyrir þjóðerni skipsins.

### 2. gr.

Það, sem tilskipun 4. maí 1803 í 8. gr. kveður á um þjóðerni skipshafna, er nú nákvæmar ákveðið í opnu bréfi, dags. 27. maím. 1859. Eptir því skal leyft, þegar danskt skip er gjört út frá einhverjum stað á Íslandi, einnig að ráða á það útlenda menn, þó skal þess gætt, að helmingur skipverja, auk skipstjóra og stýrimanna, sè menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi.

### 3. gr.

Samkvæmt yfirlýsingu þeirra tveggja þjóða, er þá áttu í stríði, og gjörð var í París 16. apríl 1856, og sem Hans Hátign Konungurinn gekk að 25. júní næst á eptir, um rétt hlutlausra þjóða, meðan ófriður stendur milli útlendra sjóveldi, skal þess gætt, er hèr segir:

1. Vikingsskapur er og skal bannaður sem áður;
2. Farmar óvinapjóðar, nema það, sem ekki má selja á ófriðartímum þjóðum, sem eiga í stríði, eru friðhelgir undir flaggi hlutlausrar þjóðar;
3. Farm hlutlausra þjóða, nema það, sem ekki má selja á ófriðartímum, má ekki hertaka, þó hann sè í óvina skipum; og
4. Fyrirgirðingar hafna og stranda verða að vera gjörðar til hlítar, þ. e. þar verður að vera nægur liðsafi til að hindra allan aðgang til stranda óvinanna, annars er fyrirgirðingin ólögmæt.

### 4. gr.

Auk þess, sem talið er í tilskipun 4. maí 1803, 13. gr., skal enn fremur telja með þeim hlutum, sem óheimilt er að selja á ófriðartímum þeim þjóðum, er eiga í stríði, öll áhöld og allt það, sem beinlínis verður haft til hernaðar.

Skyldi svo fara, að nauðsyn yrði að breyta eða bæta einhverju



við, sem óheimilt sè að selja á ófridartímum, eptir sèrstaklegu samkomulagi milli Hans Hátignar Konungsins og útlandra þjóða, geymir utanríkisstjórnin sèr rétt til að auglýsa það, sem þörf kynni að verða í því efni, eptir að hafa leitað úrskurðar Hans Hátignar Konungsins.

1870.  
19. ágúst.

# 5. gr.

Af því Hans Hátign Konungurinn hefur ásett sèr, að veita hvorugum í ófriði þeim, er nú stendur yfir, er öllum þegnum Konungs á Íslandi hèrmeð bannað, yfir höfuð að ganga í nokkra herþjónustu, hvorki á sjó nè landi, hjá þjóðum þeim er í stríði eiga, og sèr í lagi skal þeim bannað að leiðbeina herskipum eða flutningsskipum þessara þjóða út fyrir íslenzk hafnsögu svið.

Þetta auglýsist hèrmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytnis.

Utanríkisstjórnin, Kaupmannahöfn, 19. ágúst 1870.

*O. D. Rosenörn-Lehn.*

## 83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um árpening handa dannebrogsmanni. 12. septbr.

Orðustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að hans hátign konunginum hefir þóknast allramildilegast að fallast á 31. f. m., að fyrrum hreppstjóra, Ólafi Jónssyni á Sveinstöðum í Húnavatns-sýslu, verði veittur 50 rd. árpeningur úr orðusjóðnum frá 1. júlím. þ. á.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtíð það, og skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum á Íslandi, að borga árpening þenna úr jarðabókarsjóðnum, 35 rd. á hverju misseri, hafi hlutaðeigandi verið á lífi þann dag, er úrskurður konungs fèll á þetta mál.